

VIÐSKIPTABRÉFAREGLUR 60%

Munið að við úrlausnir verkefna er ætlast til þess að þær séu ítarlega rökstuddar og að fjallað sé um öll álitæfni sem upp koma í þeim.

I. Raunhæft verkefni 25%

Alfreð Óskarsson keypti bíl af Bárði Sigurðssyni og greiddi helming kaupverðsins strax við afhendingu bílsins en gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum. Í texta skuldabréfsins kom fram að Alfreð lofaði að greiða Bárði kr. 1.500.000. Bréfið átti að greiðast í þrennu lagi, þ.e. kr. 500.000 hinn 20. september 2004, kr. 500.000 hinn 20. október sama ár, og loks kr. 500.000 hinn 20. nóvember sama ár. Skuldabréfið bar enga vexti.

Hrappur Vestmann braust nokkrum dögum síðar inn á skrifstofu Bárðar og stal umræddu skuldabréfi. Hrappur falsaði nú framsal frá Bárði til sín með svofelldri áritun: “*Framsel hér með Hrappi Vestmann skuldabréf þetta til eignar. Reykjavík 20. ágúst 2004. Bárður Sigurðsson (sign)*”. Hrappur keypti nú sjálfur bíl af Einari Kalman og greiddi kaupverðið að fullu með umræddu skuldabréfi. Hrappur ritaði svofellt framsal á bréfið: “*Skuldabréf þetta er hér með framselt Einari Kalman. Reykjavík 30. ágúst 2004. Hrappur Vestmann (sign)*”.

Einar kom nú bréfinu í innheimtu hjá Landsbanka Íslands, Múlaútibúi. Alfreð fékk greiðslutilkynningu frá bankanum og á gjalddaga hinn 20. september 2004 fór hann í Múlaútibúið og greiddi kr. 500.000. Áður en hann greiddi afborgunina fékk hann, með töluverðum eftirgangsmunum, að skoða bréfið og kanna framsalsröðina. Jafnframt skoðaði hann innheimtuumboð Einars til bankans. Afborgunin var færð á bréfið og fékk hann einnig lausa kvittun fyrir henni.

Hinn 25. september 2004 varð Bárður loks var við að umræddu skuldabréfi hefði verið stolið frá honum. Hann hafði þá samband við Alfreð og fékk upplýsingar um að ein afborgun hefði verið greidd af bréfinu til Einars. Bárður kærði þá þjófnaðinn á bréfinu strax til lögreglu.

Svarið eftirtöldum spurningum:

1. Getur Bárður brigðað bréfinu frá Einari Kalman? og breytir það einhverju ef bréfið hefði verið handhafabréf allan tímann?
2. Getur Bárður krafist þess að Alfreð Óskarsson greiði aftur fyrstu afborgunina og að þessu sinni til hans?

II. Raunhæft verkefni 15%

Bílstjórinn A keypti nokkur dekk af B. B gaf út víxil til greiðslu þeirra. Verð dekkjanna var langt yfir því verði sem verðlagsyfirvöld höfðu leyft samkvæmt verðstöðvun sem var í gildi skv. tilteknum lögum. B framseldi umræddan víxil til bankans C. Eftir að opinber rannsókn var hafin á umræddu broti B, neitaði A að greiða bankanum C víxilfjárhæðina, þar sem viðskiptin sem lágu að baki útgáfu víxilsins, hefðu verið ólögleg skv. fyrrgreindum lögum um verðstöðun. Upplýst er að fyrirsvarsmönnum bankans C var kunnugt um að víxillinn hafði verið gefin út í tilefni af kaupum á dekkjum.

Kemst þessi mótbára A að gagnvart bankanum C?

III. Sérreglur um rafbréf 20 %

Gilda viðskiptabréfareglur um rafbréf?, og að hvaða leyti eru sérreglur um rafbréf að því er varðar mótbárutap skuldara og réttindamissi þriðja manns frábrugðnar almennum viðskiptabréfareglum?